

Nr. 150 / 13 Skógafoss**Skipverji slasast við losun**

IMO.nr. 9375252
Fánaríki Antigua & Barbuda
Smíðaður: Kína 2007, stál
Stærð: 7.545 BT
Mesta lengd: 130 m
Breidd: 20 m
Vél: MAK 7200 kW, 2007
Fjöldi skipverja:



Gögn:
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Skógafoss©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. september 2013 var Skógafoss við bryggju í Sortland Noregi.

Skipverji var að vinna við losun gáma og ætlaði að stýra gámagriplu í gámafleti sem hann stóð utan við. Hann náði ekki að stöðva ferðina á gámagriplunni þegar hann tók á móti henni og varð hann milli hennar og gáms. Skipverjinn slasaðist á hægri hendi og brjóstkassa.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að gámagriplan hafi verið þrjú og hálft tonn að þyngd. Hún var ætluð fyrir 40 feta gáma;
- að slasaðist sagðist ekki hafa gert sér fyllilega grein fyrir þeirri aðstöðu sem hann var í þegar hann hugðist stýra griplunni því hann átti enga undankomu þegar á reyndi og hann gat ekki stöðvað „skrið“ gámagriplunnar. Hann sagði að hann hafi getað verið inni á fletinu eða innan í ramma griplunnar;
- að kranakrókurinn var ekki með snúningskrók sem hefði auðveldað meðhöndlun á gámagriplunni.

Nefndarálit:

Ástæða slyssins var vanmat slasaða á aðstæðum.